

# Vodafone UHD myndlykill

Leiðbeiningar



Tengi Vodafone UHD myndlykilsins





**Nettengi.** Hér tengist netsnúra sem fer í netbeininn eða netaðgangstækið. Verður að tengja í Port 4 á netbeininum

**SPDIF-tengi.** Möguleiki að nota sem tengi fyrir hljóðmerki heimabíókerfis.

**HDMI-tengi.** Hér tengist HDMI snúran sem fer í sjónvarpið.

**USB-tengi.** Óvirkt.

**Rafmagnstengi.** Til að endurræsa myndlykilinn að fullu þarf að taka snúruna úr þessu tengi.

eða Port 3 eða 4 á netaðgangstækinu.

## Takk fyrir að velja Vodafone Sjónvarp

Í þessum bæklingi eru einfaldar leiðbeiningar fyrir uppsetningu á Vodafone UHD myndlykli fyrir sjónvarp um ljósleiðara eða ljósnet. Farið er skref fyrir skref í gegnum það hvernig tengt er í fyrsta skipti, en einnig fylgja

Ábendingar varðandi helstu vandamál sem upp geta komið við tengingu, góð ráð um notkun myndlykilsins og upplýsingar um fjarstýringuna.

Við hvetjum þig til að fylgja leiðbeiningunum vandlega við tengingu myndlykilsins.



Í kassanum eru:

- 1 HDMI-snúra, sem tengir myndlykilinn við sjónvarp.
- 2 Netsnúra, sem tengir myndlykilinn við netbeini eða netaðgangstæki.
- 3 Spennubreytir með rafmagnssnúru.
- 4 Vodafone UHD (4K) myndlykill.
- 5 Fjarstýring.
- 6 Rafhlöður fyrir fjarstýringu.


**Svona tengir þú myndlykilinn:**




## 1 HDMI-snúra

Tengið myndlykilinn við sjónvarp með HDMI-snúrunni sem fylgir með.





## 2 Netsúra – Ljósleiðari



## 2 Netsúra – Ljósnet

Ef þú ert með ljósnet tengir þú myndlykilinn við netbeini (router) með **netsúru**. Ef þú ert með hvíta Vodafone HG 659 beininn tengir þú myndlykilinn við **LAN4/ TV** tengi beinisins. Ef þú ert með hvíta Zhone 3 beininn tengir þú við **ETHERNET-4**.

Ef þú ert með ljósleiðara tengir þú myndlykilinn **EKKI** við netbeini, heldur við **port 3 eða port 4** á netaðgangstækinu með **netsúru**.



## 3 Rafmagnssnúra

Tengið myndlykilinn við **rafmagn**. Passið að víxla ekki straumbreyti beinis og myndlykils. **Takið hann alls ekki úr sambandi við rafmagn eða net á meðan á uppsetningu stendur, né notið fjarstýringuna.**

Þegar uppsetningu er lokið sérd þú merki Vodafone Sjónvarps með því að stilla sjónvarpið þitt á réttan inngang með fjarstýringu sjónvarpstækisins (HDMI).



## Hvað ljósin þýða á myndlyklinum



### Kveikja/slökkva

Hægt er að kveikja og slökkva á myndlyklinum með því að ýta á þennan

### Rautt ljós

- Stöðugt rautt ljós þýðir að slökkt sé á myndlyklinum. takka.

### Hvítt ljós

Stöðugt hvítt ljós þýðir að kveikt sé á myndlyklinum. **Blikkandi ljós** þegar hvíta ljósið blikkar getur það þýtt að:

- Myndlykillinn sé að uppfæra sig.
- Myndlykillinn nái ekki sambandi við þjónustu, nánari upplýsingar á [vodafone.is/samsung-uhd](http://vodafone.is/samsung-uhd)

# Góð ráð fyrir Vodafone Sjónvarp

## Afþreying með myndlykli Vodafone

Með myndlyklinum færðu aðgang að öllum opnum sjónvarpsstöðvum auk þeirra stöðva sem þú ert áskrifandi að. Þú getur notað Tímavélina og nálgast frelsisefni stöðvanna auk þess sem hægt er að kaupa aðgang að stökum viðburðum. Einnig er hægt að kaupa áskrift að læstum sjónvarpsrásum og áskriftarveitum. Kynntu þér áskriftirnar í viðmóti Vodafone Sjónvarps eða hjá þjónustuveri 1414, stod2.is eða á [vodafone.is](http://vodafone.is).

Leigan er einnig aðgengileg öllum viðskiptavinum með myndlykil Vodafone en í Leigunni er hægt að leigja sér stakar myndir eða þætti gegn gjaldi og þú getur horft á efnið eins oft og þú vilt næstu 48 klukkustundirnar.

## Tímavélin


Notaðu örvahnappana til að flakka um sjónvarpsdagskrána og ýttu á spila-hnappinn til að flakka fram eða aftur í tíma á völdum dagskrárlið.

## Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar og nánari leiðbeiningar má finna á [vodafone.is/samsung-uhd](http://vodafone.is/samsung-uhd)

## Hafðu samband:

Ef þú hefur spurningar um Vodafone Sjónvarp eða þarft aðstoð skaltu ekki hika við að hafa samband. Þú getur haft samband við þjónustuver okkar í síma **1414** eða með **netspjalli** í gegnum vefinn **vodafone.is**. Þar getur þú einnig pantað símtal og látið tæknimann okkar hringja í þig þegar þér hentar.





vodafone.is